



Oddeyrarskóli Tengja

5. tölublað
skólaárið

2015-2016
Febrúar 2016

Kæru nemendur og foreldrar!

Við þökkum öllum sem komu að árshátíðinni okkar innilega fyrir góðan dag. Við vorum virkilega ánægð með hvernig til tókst og nemendur stóðu sig frábærlega í undirbúningi og á árshátíðarsýningum.

Óhætt er að segja að foreldrafélagið hafi gert góðan dag enn betri með flottu hlaðborði sem verður til þess að fólk hittist og spjallar saman.

Óðinn Valsson stóð sig frábærlega við að leikstýra nemendum 10. bekkjar og þökkum við honum sérstaklega fyrir sitt framlag. Góð tilsögn og þjálfun í sviðsframkomu er afskaplega þýðingarmikil í þroska barna og erum við því virkilega stolt af því hve mikið lagt er í árshátíðarundirbúninginn hjá okkur.

Mikilvægt er að foreldrar og skóli eigi gott samstarf. Liður í því er samtal stjórnenda og foreldra. Undanfarin ár höfum við boðið foreldrum nemenda í 1., 4., 7. og 10. bekk að koma í kaffispjall með stjórnendum og höfum við ákveðið að hitta foreldra barna í 1. og 10. bekk á næstu dögum og foreldra barna í 4. og 7. bekk þegar nær líður vori. Hugmyndin er að við getum átt óformlegt spjall á kaffistofu starfsmanna.

Því eru foreldrar barna í 1. bekk hér með boðaðir föstudaginn 5. febrúar kl. 8:10 og foreldrar nemenda í 10. bekk eru boðnir í kaffispjall þriðjudaginn 9. febrúar kl. 8:10. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að koma.

SMT skólafærni er að:

- **Gefa skýr fyrirmæli:** vingjarnleg og nákvæm.
- **Kenna reglur með virkum hætti:** sýna og æfa reglurnar.
- **Hafa reglur og væntingar sýnilegar:** Það auðveldar öllum að muna.
- **Minna á reglur:** „Hver er reglan, sýndu mér.“
- **Gefa jákvætt val:** „Hvort viltu vinna í bláu möppunni eða rauðu?“
- **Nota félagslega hvatningu:** Bros, þumal, fimmu.
- **Hrósa og setja orð á hrósið:** „Flott hvað það gekk vel hjá þér að ganga frá öllu á sinn stað.“
- **Nota jákvæða styrkingu:** Hrósmiðar til að auka jákvæða hegðun.
- **Nota lausnaleit:** T.d. á bekkjarfundum.
- **Eftirlit:** Fylgjast með börnunum til að tryggja öryggi þeirra.
- **Setja mörk:** Með mildum og sanngjörnum leiðum.
- **Tilfinningastjórn:** Við erum fyrirmyndir í öllu sem við segjum og gerum.

Tölum saman—lærum saman þróunarverkefni í Oddeyrarskóla

Eins og flestum er kunnugt fékk Oddeyrarskóli styrk frá Sprotasjóði til að þróa samræður í kennslu. Hugmyndin er að auka enn frekar veg samræðunnar í kennslustofunni, því samræðan er talin geta stuðlað að aukinni dýpt í námi nemenda, gera þeim auðveldara að máta nýja þekkingu við fyrri þekkingu og ekki síst hjálpa þeim að mynda sér skoðanir og tjá þær.

Nú eru kennarar farnir af stað með samræðuæfingar í kennslunni. Samræðan hefur alltaf verið stór hluti af aðferðum Byrjendalæsis og er því ekki nýjung í yngstu bekkjunum. Kennarar í yngstu bekkjunum eru nú að þróa leiðir til að nýta samræðuna í stærðfræðinámi nemenda, þar sem unnið er með hugtök og tungumál stærðfræðinnar. Íslenskukennarar á unglíngastigi hafa frá því í haust prófað sig áfram með samræðuæfingar á stiginu.

Við höfum notið leiðsagnar Hafþórs Guðjónssonar lektors og Brynhildar Sigurðardóttur skólustjóra í Garðaskóla og erum við einnig í samstarfi við læsisnefndir í Glerárskóla og Síðuskóla um þróun læsisstefnu, þá þann hluta sem snýr að töluðu máli og hlustun.

ÁBYRGÐ—VIRÐING—VINÁTTA

Á döfinni

Könnunin **Ungt fólk** var lögð fyrir nemendur í 8.—10. bekk þriðjudaginn 2. febrúar.

2.—29. febrúar: **Foreldrakönnun Skólapúlsins** stendur yfir. Við vonumst til að sem flestir sjái sér fært að svara til að niðurstöðurnar geti nýst okkur í skólanum sem allra best.

Vetrarfrí verður 10.—14. febrúar

Opið hús vegna skólavals verður miðvikudaginn 17. febrúar. Þá geta foreldrar barna sem fædd eru 2010 komið í heimsókn á tíma-bilinu kl. 9-11 og kynnt sér skóla-starfið.

Þorgrímur Þránínsson heimsækir nemendur í 10. bekk 16. febrúar með fyrirlesturinn „Verum ástfangin af lífinu“.

1. mars eru **nemenda- og foreldraviðtöl**.



Nýtt námsmat við lok 10. bekkjar



Frá og með vorinu 2016 munum við útskrifa nemendur með hæfnimiðað námsmat. Það felur í sér að lögð er í auknum mæli áhersla á hæfni nemenda til að nota þekkingu sína fremur en áherslu á þekkingu. Námskráin og nýtt námsmat hefur kallað á þróun kennsluhátta og leiða sem notaðar eru við mat. Skólum er skylt að nota matskvarða Aðalnámskrár við brautskráningu nemenda úr 10. bekk, en matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Matsviðmið lýsa hæfni á kvarðanum A, B+, B, C+, C og D.

Matsviðmið í B eru byggð á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni sem þar er tilgreind. A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og C fá þeir sem ekki standast fyllilega þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Ekki eru sett viðmið fyrir D, því sá vitnisburður er notaður þegar nemandi uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í C viðmiðum. Skólinn gerir þá sérstaka grein fyrir hæfni viðkomandi nemanda. Skólum er frjálst að ákveða að öðru leyti hvernig þeir haga námsmati og einkunnagjöf nemenda í öðrum árgöngum. Vitnisburður við lok 10. bekkjar er hafður til hliðsjónar við innritun nemenda í framhaldsskóla og val á námsbrautum.

Við hvetjum foreldra til að kynna sér þetta breytta form á námsmati betur á námsmatsvef Menntamálastofnunar: <http://vefir.nams.is/namsmat/>

Framhaldsskólarnir eru nú að vinna að því hvernig innritun nemenda verður háttað út frá nýju mati. Nemendur sem fá B við útskrift úr grunnskóla í tilteknu fagi eru taldir ná hæfniviðmiði 2 í framhaldsskóla. Þetta þýðir að nemendur raðast inn í áfanga í framhaldsskóla eftir því hvernig hæfni þeirra er við útskrift. Enn eigum við nokkuð í land með að kynna okkur innritunarkröfur framhaldsskólanna en stjórnendur, námsráðgjafi og kennarar leita nú allra leiða til að geta gefið nemendum sem bestar upplýsingar svo fljótt sem auðið er. Fyrirhugaður er kynningarfundur fyrir kennara, námsráðgjafa og stjórnendur grunnskólanna á nýju inntökukerfi í VMA í lok febrúarmánaðar.